

5. júní 2023

21188

Dreifing

Skipulagsstofnun

> Jón Ágúst Jónsson

Borgartún 7b

105 Reykjavík

Höfundur

EBA

Yfirfarið/Samþykkt

Freyr Pálsson, Vegagerðin

Tilfni

Matsskyldufyrirspurn: Fjarðarheiðargöng – breyting á Suðurleið og færsla á inntaki vatnsveitu.

Viðbrögð við umsögnum

1 Viðbrögð Vegagerðarinnar við umsögnum

Skipulagsstofnun kynnti matsskyldufyrirspurn um Fjarðarheiðargöng – breyting á Suðurleið og færsla á inntaki vatnsveitu og var kynningartími frá 30. mars til 8. maí 2023. Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögnum frá átta aðilum og gerir tafla 1 grein fyrir umsagnaraðilum og hvort þörf sé á viðbrögðum Vegagerðarinnar.

Tafla 1 Yfirlit yfir umsagnaraðila sem sendu inn erindi ásamt þörf á viðbrögðum Vegagerðarinnar.

Umsagnaraðili	Viðbrögð
Múlaþing	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.1
Heilbrigðiseftirlit Austurlands	Ekki þörf á viðbrögðum
Náttúrufræðistofnun Íslands	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.2
Umhverfisstofnun	Ekki þörf á viðbrögðum
Skógræktin	Ekki þörf á viðbrögðum
Minjastofnun Íslands	Ekki þörf á viðbrögðum
HEF veitur	Sendu ekki inn umsögn
Fiskistofa	Sendu ekki inn umsögn

1.1 Múlaþing

Í umsögn kemur fram:

„Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að áhrif á vatnsrennsli í Fjarðará verði óveruleg, sama hvor valkosturinn verður fyrir valinu, væri æskilegt að fram kæmi hvort einhver áhrif yrðu á rennsli í Gufufossi sem er vinsæll ferðamannastaður.“

Viðbrögð Vegagerðarinnar: Samkvæmt skýrsludrögum Eflu um vatns- og fráveitumál á Seyðisfirði (3.2.2022) er meðalrennsli sólarhrings vatnsveitunnar í kringum 20 l/s, en 30 l/s ef fiskvinnsla er í gangi. Mældur leki í kerfinu við reyndar hámarksrennsli var um þriðjungur. Það þýðir að hægt væri að minnka vatnsnotkun með viðgerðum á lekum í vatnsveitunni. Hér er miðað við 25 l/s meðalvatnsnotkun.

Miðað við að lágmarksrennsli í Fjarðará fari ekki niður fyrir náttúrulegt lágmarksrennsli að sumarlagi, 0,5 m³/s, þá dregur úr rennsli í Gufufossi um u.þ.b. 5% af því þegar flestir eru að skoða Gufufoss. Að vetrarlagi er miðað við að lágmarksrennsli í Fjarðará fari ekki niður fyrir náttúrulegt lágmarksrennsli að vetrarlagi, 0,1 m³/s, þá dregur úr rennsli í Gufufossi um u.þ.b. 25%.

„Bent er á að í kafla 4.1 um Aðalskipulag að einnig er í gildi Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030. Lagfæra þarf texta í kafla 7.3 um Áhrif suðurleiðar en þar segir að valkostur A liggi í jaðri íbúðarbyggðar L4 en rétt er að hann er í jaðri svæðis B3.“

Viðbrögð Vegagerðarinnar: Vegagerðin þakkar ábendinguna. Þetta breytir ekki niðurstöðu matsskyldufyrirspurnar og er ekki þörf á frekari viðbrögðum.

1.2 Náttúrufræðistofnun Íslands

Í umsögn kemur fram:

„Eins og áður sagði er ekki fjallað um áhrif á fuglalíf eða landslag í umfjöllun um umhverfisáhrif vegna breytinganna á framkvæmdinni. Að mati Náttúrufræðistofnunar hefði í það minnsta mátt bera saman áhrif breytinganna við þá umfjöllun sem var um þessa þætti í umhverfismatsskýrslunni. Til dæmis er líklegt að fyrri valkostur um færslu á inntakslóni sem fæli í sér varnargarða, lón og rask á 4000 fermetra svæði þ.m.t. ánni og rennsli hennar, myndi hafa töluverð áhrif á ásýnd svæðisins. Þá er hægt að álykta um áhrif á fuglalíf út frá upplýsingum um áhrif á ólík gróðurlendi miðað við þær upplýsingar um fuglalíf svæðisins almennt sem stuðst var við í umhverfismatsskýrslunni.“

Viðbrögð Vegagerðarinnar: Breyting á Suðurleið er ekki talin breyta niðurstöðum fyrra mats úr umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga um áhrif veglagningar á þessu svæði á fuglalíf. Áfram verður rask á búsvæðum fugla og ónæði á framkvæmdatíma. Áfram verður farið í mótvægisáðgerðir, sem gerð er grein fyrir í umhverfismatsskýrslu, sem felast einkum í uppgræðslu lands.

Sömuleiðis er breytingin ekki talin breyta niðurstöðum mats umhverfismatsskýrslu um áhrif á landslag og ásýnd. Veginum hefur verið hnikað lengra til suðurs en fer áfram um sambærilegt land, þ.e. votlendissvæði og birkiskóg, og umfang vegar breytist ekki. Líkt og kemur fram í matsskyldufyrirspurn er dregið úr áhrifum á votlendi og birki, auk þess sem ekki verður rask á blæösp með breytingunni. Farið verður í mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifum á landslag og ásýnd sem felast í uppgræðslu lands.

Vegagerðin tekur undir með Náttúrufræðistofnun Íslands að valkostur 1 um færslu á inntaki vatnsveitu hefur minni áhrif á landslag og ásýnd en valkostur 2. Valkostur 1 felur í sér varnargarð, 80 m langan sem stendur um 1,5 m yfir vatnsborði. Áin verður breikkuð og útbúið 2.000 m² lón í ánni. Heildarlengd lagnar er 1.370 m fyrir valkost 1 og 1.250 fyrir valkost 2, og fer að hluta til um þegar raskað svæði. Áhrif sem verða vegna lagnaskurðar eru tímabundin og afturkræf. Áhrif vegna lóns og varnargarðs á landslag og ásýnd eru staðbundin og líkleg til að vera óveruleg til neikvæð.